

Alþingi

Ársreikningur 2017

Alþingi
Kennitala 420169-3889
Kirkjustræti, 150 Reykjavík

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 15

Alþingi
Kennitala 420169-3889
Kirkjustræti, 150 Reykjavík

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Meginstarfsemi stofnunarinnar

Samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Ísland fer Alþingi með löggjafarvaldið ásamt Forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamiklæð eftirlitshlutverk.

Starfsemin á árinu

Á árinu 2017 var 109 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Alþingis og var tekjuafgangi jafnað á höfuðstól. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 610 m.kr., skuldir 213 m.kr. og höfuðstóll 397 m.kr. í árslok 2017. Fjöldi ársverka á Alþingi árið 2017 var 191,79 samanborið við 187,82 árið áður.

Það er álit Forseta Alþingis, skrifstofustjóra Alþingis og rekstrar- og fjármálastjóra að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Samkvæmt rekstraáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir að reksturinn verði með svipuðu sniði og verið hefur.


Forseti Alþingis, skrifstofustjóri Alþingis og fjármála- og rekstrarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Reykjavík,

8. jan 2019



Steingrímur J. Sigfússon
forseti Alþingis



Helgi Bernóðsson
skrifstofustjóri Alþingis



Auður E. Jónsdóttir
fjármála- og rekstrarstjóri Alþingis

Áritun óháðs endurskoðanda

Til forsætisnefndar Alþingis

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Alþingis fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar, að frátöldum mögulegum áhrifum af þeim atriðum sem tilgreind eru í grundvelli álits með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits með fyrirvara

Á árinu 2017 var gerð breyting á reikningslegri meðferð á nokkrum þáttum í framsetningu reikningsskila hjá ríkisstofnununum, sjá nánar skýringar 3 og 4. Í tengslum við þessar breytingar var orlofsskuldbinding færð til skuldar í reikningsskil stofnunarinnar. Alþingi hefur fært áfallna orlofsskuldbindingu að fjáræð kr. 143.578.733 til skuldar í reikningsskil sín þann 1.1.2017 undir liðnum orlofsskuldbinding og fært samsvarandi lækkun á höfustól. Á árinu 2017 er höfustóll hækkaður um sömu fjárhæð og krafa að sömu fjárhæð færð á ríkissjóð í efnahagsreikning undir liðnum kröfur á tengda aðila. Sjá nánar skýringar 13 og 14.

Það er mat okkar að það samræmist ekki lögum um ársreikninga að færa kröfu á ríkissjóð fyrir en fjárheimild hefur verið samþykkt. Á þeim grundvelli teljum við að höfustóll sé ofmetinn um kr. 143.578.733 þann 31.12.2017 og krafa á tengda aðila ofmetin um sömu fjárhæð. Framangreind skekkja hefur ekki áhrif á rekstrarreikning né sjóðstreymi stofnunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi og semja ársreikning hennar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema mat þeirra sé að áframhaldandi starfsemi sé ekki möguleg. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu stofnunarinnar ef við á.

Stjórnendur skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, vikum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórnendur meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 9. jún 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrartekjur			
Sala		19.127.045	17.790.744
Aðrar rekstrartekjur		<u>22.240.820</u>	<u>8.857.494</u>
		41.367.865	26.648.238
Rekstrargjöld			
Alþingiskostnaður	7	1.691.447.181	1.359.338.841
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	8	51.900.000	51.900.000
Almennur rekstur	9	1.746.488.287	1.717.638.441
Afskriftir	11	<u>3.609.154</u>	<u>0</u>
		3.493.444.623	3.128.877.282
Tekjuhalli án fjármagnsliða og ríkisframlags		(3.452.076.758)	(3.102.229.044)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	10	291.842	4.552.116
Tekjuhalli án ríkisframlags		(3.451.784.916)	(3.097.676.928)
Ríkisframlag	14	3.561.100.000	3.335.300.000
Tekjuafgangur ársins		<u>109.315.084</u>	<u>237.623.072</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innréttingar og skrifstofubúnaður	11	63.956.371	9.947.346
Bifreiðar	11	7.273.853	0
		<u>71.230.224</u>	<u>9.947.346</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	12	229.110	229.110
Fastafjármunir samtals		71.459.334	10.176.456
Veltufjármunir			
Krafa á Ríkissjóð	14	113.826.589	183.061.476
Kröfur á tengda aðila	14	267.644.056	56.933.792
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		9.973.220	7.497.433
Handbært fé		147.201.348	86.884.771
		<u>538.645.213</u>	<u>334.377.472</u>
Eignir samtals		<u>610.104.547</u>	<u>344.553.928</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll		397.007.630	144.113.813
	13	<u>397.007.630</u>	<u>144.113.813</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við tengda aðila	14	2.754.812	0
Aðrar skammtímaskuldir		58.059.472	46.914.036
Orlofsskuldbinding		142.335.287	143.578.733
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda		9.947.346	9.947.346
		<u>213.096.917</u>	<u>200.440.115</u>
Skuldir samtals		213.096.917	200.440.115
Eigið fé og skuldir samtals		<u>610.104.547</u>	<u>344.553.928</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Tekjuafgangur ársins		109.315.084	237.623.072
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	11	<u>3.609.154</u>	<u>0</u>
		112.924.238	237.623.072
(Hækkun) lækkun rekstartengdra eigna:			
Aðrar kröfur og kröfur á tengda aðila		(69.607.318)	4.086.121
(Lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>12.656.802</u>	<u>(863.975)</u>
		(56.950.516)	3.222.146
Handbært fé frá rekstri		<u>55.973.722</u>	<u>240.845.218</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	<u>(64.892.032)</u>	<u>0</u>
		(64.892.032)	0
Fjármögnunarahreyfingar			
Framlag úr ríkissjóði	14	(3.561.100.000)	(3.335.300.000)
Greitt úr ríkissjóði	14	<u>3.630.334.887</u>	<u>3.158.614.574</u>
		69.234.887	(176.685.426)
Hækkun á handbæru fé		60.316.577	64.159.792
Handbært fé í byrjun árs		<u>86.884.771</u>	<u>22.724.979</u>
Handbært fé í árslok		<u>147.201.348</u>	<u>86.884.771</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Ísland fer Alþingi með löggjafarvaldið ásamt Forseta Íslands. Meginverkefni Alþingis er lagasetning en þingið fer einnig með viðamiklidið eftirlitshlutverk.

Alþingi er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur stofnunarinnar er að Kirkjustræti, 150 Reykjavík.

Reikningsskil stofnunarinnar er hluti af Ríkisreikningi sem birtur er á vef Fjársýslu Ríkisins.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um opinber fjármál og settum reikningsskilareglum. Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaáðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi

Stofnunin flokkast sem meðalstórt félag samkvæmt lögum um ársreikninga.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

3. Breytingar á reikningsskilaáðferðum og framsetningu

Á árinu var breyting á reikningshaldi ríkisins sem kemur til vegna nýrra laga um opinber fjármál. Helstu áhrif á reikningshald stofnana er eftirfarandi:

1. Uppfærsla er á tegundalykli ríkisins sem hefur áhrif á flokkun tekna og gjalda. Helstu áhrif á rekstur Alþingis er fækkun viðfangsefna og nýjar tegundir vegna breytingar á orlofsskuldbindingu og vegna afskrifta. Helstu breytingar á lyklum í efnahag eru nýjar tegundir vegna eignakaupa, vegna nýrra skuldbindinga og breyttir lykklar vegna endurmats.
2. Nú skal meta og færa til bókar skuldbindingu stofnana vegna áfallins en ótekens orlofs. Hefur Alþingi því fært inn orlofsskuldbindingu fyrra árs í gegnum eigið fé og breytingu þessa árs í gegnum rekstur.
3. Breyting er á meðhöndlun varanlegra rekstrarfjármuna að þeir verða ekki lengur gjaldfærðar við kaup, heldur færðar til eignar og afskrifaðir mánaðarlega yfir notkunartíma eignarinnar.

4. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs. Áhrifin eru eftirfarandi:

	Áður birt	Leiðrétting	Leiðrétt staða
Breyting vegna uppfærslu á tegundalykli			
Alþingiskostnaður (RR)	1.258.718.140	100.620.701	1.359.338.841
Fastanefndir (RR - línu eytt)	2.413.014	(2.413.014)	0
Alþjóðasamstarf (RR - línu eytt)	98.207.687	(98.207.687)	0
Almennur rekstur (RR)	1.277.587.622	440.079.433	1.717.638.441
Sérverkefni (RR - línu eytt)	41.159.376	(41.159.376)	0
Rekstur fasteigna (RR - línu eytt)	337.714.534	(337.714.534)	0
Viðhald fasteigna (RR - línu eytt)	5.526.160	(5.526.160)	0
Stofnkostnaður (RR - línu eytt)	55.665.056	(55.665.056)	0
Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (RR)	4.566.423	(14.307)	4.552.116

Skýringar

4. Samanburðarfjárhæðir, framhald

	Áður birt	Leiðrétting	Leiðrétt staða
Orlofsskuldbinding og eignfærsla			
Varanlegir rekstrarfjármunir (EH - línu bætt við)	0	9.947.346	9.947.346
Orlofsskuldbinding (EH)	0	143.578.733	143.578.733
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	0	9.947.346	9.947.346
Eigið fé (EH)	287.692.546	(143.578.733)	144.113.813

5. Fjárheimildir og rekstur

Fjárheimild ársins 2017 að frádregnum sértekjum nam 3.561,1 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum og fjármunatekjum, námu alls 3.454 m.kr. og urðu því um 105,7 m.kr. undir fjárheimildum ársins 2017.

Sundurliðun er sem hér greinir:	Fjárlög 2017	Fjárheimild 2017	Ársreikningur 2017	Frávik
Sértekjur	(27.100.000)	(27.100.000)	(41.367.865)	(14.267.865)
Alþingiskostnaður	1.497.900.000	1.497.900.000	1.691.447.181	193.547.181
Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka	51.900.000	51.900.000	51.900.000	0
Almennur rekstur	2.005.100.000	2.038.400.000	1.746.488.287	(291.911.713)
Afskriftir	0	0	3.609.154	3.609.154
	<u>3.554.900.000</u>	<u>3.588.200.000</u>	<u>3.493.444.623</u>	<u>(94.755.378)</u>
Samtals	3.527.800.000	3.561.100.000	3.452.076.758	(109.023.242)

Skýringar

6. Rekstrargjöld

Viðfangsefni fjárlaga

Rekstrarreikningur Alþingis er settur fram eftir viðfangsefnum fjárlaga. Á árinu 2017 var viðfangsefnum fjárlaga fækkað úr níu flokkum í þrjá. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt í samræmi.

Rekstrarkostnaður sundurliðaður eftir tegunum er með eftirfarandi hætti:	2017	2016
Laun og launatengd gjöld	2.647.494.186	2.219.340.694
Önnur gjöld	761.961.697	784.011.704
Tilfærslur	80.379.585	74.622.251
Eignakaup	0	50.902.633
Afskriftir (sjá skýringu 11)	3.609.154	0
	<u>3.493.444.623</u>	<u>3.128.877.282</u>

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

Laun	2.159.418.542	1.814.525.704
Launatengd gjöld	483.630.306	396.975.554
Annar starfsmannakostnaður	4.445.338	7.839.436
	<u>2.647.494.186</u>	<u>2.219.340.694</u>

Fjöldi ársverka á reikningsárinu eru 191,79 en voru 187,82 á fyrra ári

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Alþingis eru áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs eru þær ekki færðar í ársreikningum einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur eru þær færðar í einu lagi hjá ríkissjóði. Lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Alþingis hefur ekki verið reiknuð sérstaklega.

7. Alþingiskostnaður

Alþingiskostnaður lækkaði um 2,4 m.kr. frá fyrra ári. Þingfararkaup eru föst laun alþingismanna. Þingfararkostnaður er starfskostnaður, ferðakostnaður í kjördæmi og húsnæðis- og dvalarkostnaður. Þingfararkaup er ákveðið af kjararáði, en þingfararkostnaður er ákveðinn af forsætisnefnd.

	2017	2016
Alþingi		
Þingfararkaup	1.326.456.207	932.419.714
Þingfararkostnaður	176.370.321	262.992.243
Aðstoðarmenn þingmanna	94.810.910	65.719.197
Fastanefndir	3.419.097	0
	<u>1.601.056.535</u>	<u>1.261.131.154</u>
Alþjóðasamstarf		
Erlent samstarf forsætisnefndar	9.698.591	12.303.611
Erlent samstarf fastanefnda og þingmanna	6.845.703	11.852.741
Íslandsdeild Norðurlandaráðs	17.365.300	20.937.751
Íslandsdeild NATO - þingsins	3.792.080	4.523.988
Norðurlandaráðsþing í Reykjavík	195.327	946.692
Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins	3.279.688	7.984.834
Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA	8.462.833	6.580.955
Alþjóðþingmannasambandið	6.723.623	8.330.065
Þingmannaráðstefna norðlægra vídda	0	0
Þingmannanefnd Norðurheimskautaráðsins	2.462.293	1.843.456
Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins	26.960.923	18.046.015
Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	3.636.767	4.740.322
Annað erlent samstarf	967.518	117.257
	<u>90.390.646</u>	<u>98.207.687</u>
Alþingiskostnaður samtals	1.691.447.181	1.359.338.841

Skýringar

8. Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka

Sérfræðiaðstoð fyrir þingflokka er greiðsla Alþingis til þingflokka samkvæmt fjárlögum.

	2017	2016
Björt framtíð	3.164.634	6.330.520
Framsóknarflokkurinn	7.649.373	12.814.813
Píratar	9.349.233	3.485.626
Samfylkingin	3.399.721	9.175.410
Sjálfstæðisflokkurinn	13.924.391	12.814.813
Viðreisn	5.063.415	0
Vinstri hreyfingin grænt framboð	9.349.233	7.278.818
	<u>51.900.000</u>	<u>51.900.000</u>

9. Almennur rekstur

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld	1.194.745.377	1.155.410.907
Vörukaup	81.047.750	79.509.979
Aðkeypt þjónusta	399.510.004	374.513.099
Annar kostnaður	71.185.157	108.204.456
	<u>1.746.488.287</u>	<u>1.717.638.441</u>

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur og verðbætur	960.172	4.718.022
Vaxtagjöld og verðbætur	(272.537)	(151.599)
Gengismunur	(395.793)	(14.307)
	<u>291.842</u>	<u>4.552.116</u>

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttingar og skrifstofubúnaður	Bifreiðar	Samtals
Árslok 2017:			
Bókfært verð í ársbyrjun	9.947.346	0	9.947.346
Viðbót ársins	57.154.454	7.737.578	64.892.032
Afskriftir	(3.145.429)	(463.725)	(3.609.154)
Bókfært verð í árslok	<u>63.956.371</u>	<u>7.273.853</u>	<u>71.230.224</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	156.627.914	7.737.578	164.365.492
Afskrifað samtals	(92.671.543)	(463.725)	(93.135.268)
Bókfært verð í árslok	<u>63.956.371</u>	<u>7.273.853</u>	<u>71.230.224</u>

Áætlaður nýtingartími eigna

	Afskriftarhlutfall
Innréttingar og skrifstofubúnaður	10-33%
Bifreiðar	12,5%

Eignfærsla

Á árinu var breyting á reikningshaldi ríkisins sem kemur til vegna nýrra laga um opinber fjármál, sjá skýringu 3. Við eignfærslu var yfirarið eignaskrá stofnunarinnar og eignfært eignir frá fyrri árum á hrakvirði. Eignir keyptar á árinu voru eignfærðar á kostnaðarverði og afskrifaðar í samræmi við reglur Fjársýslu Ríkisins. Stofnunin Alþingi eignfærir allar innréttingar, skrifstofubúnað, tölvubúnað, bifreiðar og aðrar eignir. Fasteignir sem hýsa starfsemi Alþingi eru eignfærðar hjá Ríkissjóð og því ekki taldar fram í reikningsskilum Alþingis.

Skýringar

12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:	Eignarhlut- deild í %	Nafnverð	Bókfært verð
Internet á Íslandi hf.	1,15%	230.000	229.110

13. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Höfuðstóll	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2016:		
Staða í ársbyrjun	50.069.474	50.069.474
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	237.623.072	237.623.072
Staða í árslok	287.692.546	287.692.546
Hreyfingar 2017:		
Staða í ársbyrjun	287.692.546	287.692.546
Áfallið orlof færð inn	(143.578.733)	(143.578.733)
Leiðrétt staða í ársbyrjun	144.113.813	144.113.813
Áfallið orlof færð inn á móti kröfu á ríkisskjóð	143.578.733	143.578.733
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	109.315.084	109.315.084
Staða í árslok	397.007.630	397.007.630

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar stofnunarinnar eru aðrar ríkisstofnanir. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Kröfur á tengda aðila sundurgreinst þannig:

Ríkissjóður		
Staða í ársbyrjun	183.061.476	6.376.050
Framlag ársins	3.561.100.000	3.335.300.000
Greitt á árinu	(3.630.334.887)	(3.158.614.574)
Staða í árslok	113.826.589	183.061.476
Kröfur á aðrar ríkisstofnanir		
Framkvæmdir á Alþingisreit	52.645.282	52.645.282
Vestnorræna ráðið	1.837.315	2.633.177
Rannsóknarnefnd Alþingis	3.118.600	1.235.346
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	6.439.904	0
Innanríkisráðuneytið	6.982	61.147
Undirbúningsnefnd fullveldisafmælis	60.000.000	0
Áætluð leiðrétting vegna orlofs	143.578.733	0
Aðrar ríkisstofnanir	17.240	358.840
	267.644.056	56.933.792
Skuldir við aðrar ríkisstofnanir		
Fjársýsla ríkisins	1.822.764	0
Aðrar ríkisstofnanir	932.048	0
	2.754.812	0

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

Skýringar

15. Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi leigusamningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2022. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 206 milljónum.

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs

	2017	2016	2015	2014	2013
Rekstur					
Tekjur	41.660	31.366	37.039	35.878	74.832
Gjöld	(3.489.835)	(3.073.378)	(2.920.622)	(2.697.410)	(2.702.498)
Afskriftir / stofnk.	(3.609)	(55.665)	(35.984)	(27.213)	(53.894)
Gjöld umfram tekjur	(3.451.785)	(3.097.677)	(2.919.567)	(2.688.745)	(2.681.560)
Ríkisframlag	3.561.100	3.335.300	2.856.500	2.680.300	2.718.000
Tekjuafg.(halli) ársins	237.623	237.623	(63.067)	(8.445)	36.440
Efnahagur					
Varanl. Rekstarfjárm.	71.230	9.947	0	0	0
Áhættufjármunir	229	229	229	229	229
Veltufjármunir	538.645	334.377	97.618	138.501	156.932
Eignir alls	610.105	344.553	97.847	138.730	157.161
Eigið fé	397.008	144.114	50.069	113.136	121.581
Skammtímaskuldir	58.059	46.913	47.778	25.594	35.580
Eigið fé og skuldir alls	455.067	191.027	97.847	138.730	157.161

Skýringar

16. Helstu reikningsskilaaðferðir

16.1 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

Vörusala

Vörusala stafar að mestu leyti af sölu í mótuneyti Alþingis. Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu.

16.2 Aðrar rekstrartekjur

Aðrar rekstrartekjur stafa að mestu leyti af reikningum vegna kostnaðarhlutdeildar í ýmsum kostnaði stofnunarinnar.

16.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

16.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagð, ef þörf er á, í lok hvers reikningssárs.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma viðkomandi eigna.

16.5 Leigusamningar

Leiga þar sem verulegur hluti af áhættu og ágóða af eignarhaldi er haldið eftir hjá leigusala er flokkuð sem rekstrarleiga. Greiðslur fyrir rekstrarleigu eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi skv. beinlínuaðferð yfir líftíma leigusamningsins.

16.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Skýringar

16.7 Aðrar kröfur

Kröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins. Engin niðurfærsla er færð í bækur stofnunarinnar í árslok.

16.8 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

16.9 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.